



Mörkin lögmannsstofa hf.

Alþingi

Erindi nr. P / 38 / 2010  
komudagur 4.10.2010

Gestur Jónsson htl.

Halldór Hallgrímsson htl.

Gunnar Jónsson htl.

Hörður Félix Hardarson htl.

Einar Þór Sværissón htl.

Gísli Guðni Hall htl.

Geir Gestsson htl.

Fulltrúar:

Ívar Bragason htl.

Hilmar Gunnarsson htl.

Ólafur Freyr Frímannsson htl.

Jóhannes Eiríksson htl.

Almar Þór Møller lögfr.

Nefndarsvið Alþingis.  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2010

## Efni: Umsögn Iceland Express við frumvarp til breytinga á samkeppnislögum, 572. mál

### 1. Almennt um efni frumvarpsins.

Til mín hefur leitað Ísland Express ehf. („Iceland Express“) og óskað þess að undirritaður komi á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp.

Það sem umbjóðandi minn telur fyrst og fremst vanta í frumvarpið er að Samkeppniseftirlitinu séu sett mörk varðandi málsmeðferðartíma. Reynslan sýnir að mörg ár kunna að líða frá móttöku kvörtunar þar til að Samkeppniseftirlitið tekur loks ákvörðun. Á þeim tíma geta ráðandi aðilar stundað samkeppnislagaþrot óhindrað og hrakið minni aðila í gjaldþrot. Þegar Samkeppniseftirlitið grípur loks í taumana getur það verið of seint. Skýrasta dæmið um þessa aðstöðu varðar einmitt Iceland Express.

Iceland Express kom nýtt inn á markað fyrir íslenska áætlunarflugsmarkaði milli landa árið 2003. Icelandair stundaði skaðlega undirverðlagningu á áætlunarflugsmörkuðum frá fyrsta degi og var háttsemi félagsins kærð til samkeppnisyfirvalda, bæði árið 2003 og 2004. Að lokum fór það svo að þáverandi eigendur umbjóðanda míns gátu ekki fjármagnað frekari taprekstur í samkeppni við undirboð Icelandair. Einungis með fjármagni frá nýjum eigendum tókst félaginu að forða sér frá gjaldþroti í lok árs 2004 (sjá nánar t.d. bls. 14 í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2007). Ákvörðun samkeppnisráðs barst ekki fyrr en árið 2007.

Koma þarf í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Forðast þarf í lengstu lög að málsmeðferðartími samkeppnisyfirvalda verði það langur að stofnunin geti ekki þjónað þörfum viðskiptalífsins. Þá er málsmeðferðartími óvenjulega langur miðað við önnur stjórnvöld, þar sem málsmeðferðartími er oftast talinn í vikum eða mánuðum, en ekki árum.

Tilfinning umbjóðanda míns er sú að þetta ástand hafi versnað frekar en batnað á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna kvörtun umbjóðanda míns vegna vildarklúbbs Icelandair, sem stjórnvaldið er búið að vera með í skoðun árum saman. Eins má nefna nýleg erindi frá októbermánuði 2009 (skaðleg undirverðlagning Icelandair í áætlunarflugi til New York) og febrúarmánuði 2010 (ihlutun vegna samkeppnishamlandi aðgerða Flugmálastjórnar í áætlunarflugi til Kanada). Hefðbundið fyrsta skref er að senda slík erindi til umsagnar viðkomandi aðila, en umbjóðanda mínum hefur ekki verið tilkynnt um slíkt enn. Erindin virðast því liggja algerlega óhreyfð hjá samkeppnisyfirvöldum svo mánuðum skiptir. Umbjóðandi minn hefur brýna hagsmuni af hraðri málsmeðferð í báðum málum.



Til að stofnunin geti þjónað hagsmunum viðskiptalífsins er mikilvægt að meðferð mála teffist ekki von úr viti. Eftir efnahagshrun er mikil hættu á því að minni fyrirtæki, sem standa e.t.v. höllum fæti eftir hamfarir liðinna ára, verði einfaldlega orðin gjaldþrota þegar ákvarðanir berast.

Þess skal getið að umbjóðandi minn er ekki sá eini sem hefur áhyggjur af töfum á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, um er að ræða mjög algengt umkvörtunarefni aðila á samkeppnismörkuðum.

Gerð er því tillaga um að bætt verði við grein í III. kafla laganna („stjórnsýsla“) um málshraða:

*Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Málsmeðferðartími Samkeppniseftirlitsins skal ekki vera lengri en 2 ár frá þeim tíma er kvörtun vegna brota á 10. eða 11. gr. þessara laga berst stjórnvaldinu.*

## 2. Athugasemdir við einstakar greinar.

### 1. *grein. frumvarpsins*

Kærugjald að upphæð 200.000 kr. er óvenjulega hátt, miðað við sambærileg gjöld hjá stjórnvöldum og dómstólum. Til samanburðar má t.d. nefna að ekkert kærugjald er innheimt hjá áfrýjunarnefnd neytendamála. Hjá áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, sem kemur aðallega að málum milli fyrirtækja rétt eins og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, er kærugjaldið 80.000 kr., en þar af fást 60.000 kr. endurgreiddar ef mál vinnst.

Kærugjald virkar einnig mjög ríflegt samanborið við svipuð gjöld hjá íslenskum dómstólum. Kærugjald til héraðsdóms er kr. 50.000. Gjald fyrir áfrýjunarleyfi er kr. 50.000. Gjald fyrir áfrýjunarstefnu er kr. 25.000-50.000 í langflestum málum, en ef stefnujárhæð er yfir kr. 30.000.000., er gjaldið 130.000 kr.

Þess skal jafnframt getið að samkeppnislög hafa nokkra sérstöðu að því leyti að efnislegt innihald laganna er einungis að litlu leyti sjáanlegt af orðalagi ákvæða. Þróunin hefur verið á þann veg að fordæmi samkeppnisyfirvalda kveða á um raunverulegt efni laganna, t.d. um það nákvæmlega hverjar skyldur markaðsráðandi fyrirtækja kunna að vera skv. 11. gr. skl., en ómögulegt er að sjá slíkt af orðalagi ákvæðisins.

Spyrja má því hvort æskilegt sé að hafa það að markmiði að fækka úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fordæmi nefndarinnar veita aðilum á markaði mikilvæga leiðbeiningu um skýringu og túlkun ákvæða samkeppnislaga.

Engar athugasemdir eru gerðar við efni 2.-4. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Iceland Express ehf.

Almar P. Möller, hdl.,  
f.h. Geirs Gestssonar, hdl.